

REGLUGERÐ

um könnun hjónavígsluskilyrða og viðurkenningu á hjónavígslu sem farið hefur fram erlendis.

I. KAFLI

Könnun á hjónavígsluskilyrðum.

1. gr.

Könnun og könnunarmenn.

Löggildir Sýslumaðurinn vísulumenn í samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga kanna hjónavígsluskilyrði.

Sýslumenn Vestmannaeyjum og löglærðir fulltrúar þeirra skulu þó ávallt embættisins annast könnun á hjónavígsluskilyrðum ef annað hjónaefna eða bæði eiga ekki lögheimili hér á landi.

Könnun fer fram í lögsagnarumdæmi þar sem annað hjónaefna á lögheimili. Nú á hvorugt hjónaefna lögheimili hér á landi frá og fer með könnun 1. þá september fram í umdæmi þar sem annað þeirra dvelst 2022.

Könnunarmanni ber að gæta þess að hjónavígsluskilyrðum II. kafla hjúskaparlaga sé fullnægt.

Heimilt er að taka gjald fyrir útgáfu könnunarvottorðs.

2. gr.

Gögn sem leggja skal fram.

Þegar hjónaefni óska eftir könnun á hjónavígsluskilyrðum skulu þau leggja fyrir könnunarmann eftirtalin gögn:

1. Fæðingavottorð.
2. Persónuskilríki með nafni hjónaefnis, ljósmynd og fæðingardegi til sönnunar, svo sem vegabréf, ökuskríteini eða nafnskríteini.
3. Vottorð frá Þjóðskrá Íslands um hjúskaparstöðu eða sambærilegt vottorð um hjúskaparstöðu frá erlendu yfirvaldi, þ.m.t. sendiráði erlends ríkis sem fer með fyrirvar gagnvart Íslandi, ef unnt er. Vottorð má ekki vera eldra en átta tólf vikna.

Ef hjónaefni skýrir frá því að ekki sé unnt að afla vottorða frá erlendu yfirvaldi samkvæmt 3. tl. 1. mgr. skal það leggja fram staðfestingu þar að lútandi frá yfirvöldum þess ríkis, þ.m.t. sendiráði erlends ríkis sem fer með fyrirvar gagnvart Íslandi, eða sýna fram á það á annan hátt að það sé ekki unnt, sbr. Könnunarmaður einnig metur 16. hvort gr. þessi

Hjónaefni er heimilt að leggja fram gögn séu hjá fullnægjandi öðru sýslumannsembætti en því sem kannar hjónavígsluskilyrði. Hlutaðeigandi sýslumannsembætti skal þá framsenda gögnin til þess embættis sem annast könnun á hjónavígsluskilyrðum.

Könnunarmanni er heimilt að afla upplýsinga eða gagna samkvæmt 1. mgr. hjá Þjóðskrá Íslands, sýslumönnum og dómstólum með rafrænum hætti. Framangreindum aðilum ber að veita könnunarmanni rafrænan aðgang að umbeðnum upplýsingum eða gögnum búi þeir yfir þeim. Afli könnunarmaður nauðsynlegra upplýsinga eða gagna við könnun hjónavígsluskilyrða með rafrænum hætti hjá Þjóðskrá Íslands, sýslumönnum og dómstólum ber honum að upplýsa hjónaefni um fyrirhugaða upplýsingaöflun í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ef hjónaefni, sem hlotið hefur íslenskan ríkisborgararétt eða fengið alþjóðlega vernd hér á landi, skýrir frá því að ekki sé unnt að afla fæðingavottorðs frá erlendu yfirvaldi samkvæmt 1. tl. 1. mgr. er könnunarmanni heimilt við sérstakar aðstæður að veita undanþágu frá því skilyrði. Hjónaefni skal þá leggja fram drengskaparvottorð sitt um að hjúskapur fari ekki gegn ákvæðum 9. og 10. gr. hjúskaparlaga.

3. gr.

Hjónavígsluskýrsla.

Könnunarmaður skal láta hjónaefnum í té sérstakt eyðublað, hjónavígsluskýrslu, sem er jafnframt könnunartottorð og svaramannavottorð, þar sem hjónaefni skulu veita upplýsingar um:

1. Fullt nafn, ~~fæðingarstaði~~, lögheimili hér á landi eða fasta búsetu erlendis, kennitölur eða fæðingardaga og ár eftir því sem við á.
2. Ríkisfang.
3. Hvort þau hafi áður stofnað til hjúskapar eða staðfestrar samvistar.
4. Hvort þau séu svipt lögræði.
5. Hvort þau séu skyld í beinan legg eða systkin.
6. Hvort annað þeirra hafi verið ættleitt af hinu.

4. gr.

Leyfi ólögráða einstaklinga til að stofna til hjúskapar.

Ef hjónaefni er ~~yngra en 18 ára skal það leggja fram leyfi ráðuneytisins til að stofna til hjúskapar.~~

~~Ef hjónaefni er~~ svipt lögræði skal það leggja fram skipunarbréf lögráðamanns síns og samþykki hans fyrir ráðahagnum. Samþykki má ekki vera eldra en fjögurra vikna.

Hafi lögráðamaður neitað að veita samþykki sitt skal leggja fram leyfi ~~ráðuneytisins~~ **sýslumanns** til hjónavígslunnar.

5. gr.

Fyrri hjúskapur.

Hafi hjónaefni áður verið í hjúskap skal það færa sönnur á, með framlagningu viðeigandi gagna, að hjúskapnum sé slitið með andláti fyrri maka, ógildingu eða lögskilnaði.

6. gr.

Hjúskaparlok hér á landi.

Hafi fyrri hjúskap lokið með lögskilnaðarleyfi útgefnu hér á landi skal leggja það fram til sönnunar eða vottorð Þjóðskrár Íslands um lögskilnað.

Hafi fyrri hjúskap verið slitið með lögskilnaðar- eða ógildingardómi hér á landi skal leggja dóminn fram því til sönnunar. Ef um héraðsdóm er að ræða og þriggja mánaða áfrýjunarfrestur er ekki liðinn skal leggja fram skriflega yfirlýsingu frá gagnaðila þess efnis að fallið sé frá áfrýjun dómsins.

7. gr.

Hjúskaparlok erlendis.

Hafi fyrri hjúskap lokið með lögskilnaðarleyfi útgefnu í Danmörku skal leggja það fram til sönnunar. Hafi fyrri hjúskap lokið með lögskilnaðarleyfi útgefnu í Noregi skal leggja það fram til sönnunar eða vottorð norska dómsmálaráðuneytisins eða viðkomandi fylkismanns um að leyfið hafi verið veitt á ákveðnum degi. Staðfestingar á undirskriftum er ekki krafist.

Hafi fyrri hjúskap lokið með lögskilnaðar- eða ógildingardómi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð skal leggja fram því til sönnunar endurrit dómsins með áritun um að hann hafi full réttaráhrif. Þessa yfirlýsingu gefur viðkomandi dómstóll í löndunum. Staðfestingar á undirskriftum er ekki krafist.

Hafi fyrri hjúskap lokið með lögskilnaði eða ógildingu í landi utan Norðurlandanna skal leggja fram því til sönnunar endurrit dómsins með áritun um að hann hafi full réttaráhrif. Könnunarmaður metur hvort önnur gögn, sem sýna fram á hjúskaparlok, séu fullnægjandi sönnun.

8. gr.

Skráning í Þjóðskrá.

Könnunarmanni ber að athuga hvort hjónaefni séu skráð í Þjóðskrá. Reynist svo vera fer um vottorð frá Þjóðskrá Íslands samkvæmt 2. eða 3. mgr. þessa ákvæðis.

Hafi fyrri hjúskap hjónaefnis, sem ekki á lögheimili hér á landi en er skráð í Þjóðskrá, lokið með lögskilnaði eða ógildingu erlendis skal könnunarmaður, áður en könnun lýkur, senda Þjóðskrá Íslands gögnin til skráningar hafi það ekki verið gert. Að skráningu lokinni skal leggja fyrir könnunarmann vottorð frá Þjóðskrá Íslands um að lögskilnaðurinn eða ógilding hjúskaparins hafi verið skráð.

Hafi fyrri hjúskap hjónaefnis, sem á lögheimili hér á landi, lokið með lögskilnaði eða ógildingu erlendis ber könnunarmanni að senda Þjóðskrá Íslands gögnin til skráningar hafi það ekki verið gert. Að skráningu lokinni skal leggja fyrir könnunarmann vottorð frá Þjóðskrá Íslands um hjúskaparstöðu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 2. gr.

9. gr.

Andlát fyrri maka.

Nú er fyrri maki látinn og skulu þá færðar sönnur á það með dánarvottorði frá Þjóðskrá Íslands.

Hafi maki látist erlendis skal lagt fram dánarvottorð sem gefið er út af þar til bæru yfirvaldi. Skýrslur frá sendiráðum, fastaskrifstofum eða ræðisskrifstofum Íslands í viðkomandi löndum má einnig leggja til grundvallar. Könnunarmanni ber að senda Þjóðskrá Íslands staðfest afrit af erlendu dánarvottorði til skráningar.

Hafi lát fyrri maka borið að með þeim hætti sem segir í lögum um horfna menn skal leggja fram því til sönnunar staðfest endurrit dómsins. Ef um héraðsdóm er að ræða og þriggja mánaða áfrýjunarfrestur er ekki liðinn skal leggja fram skriflega yfirlýsingu frá gagnaðila og ráðuneytinu þess efnis að fallið sé frá áfrýjun dómsins.

10. gr.

Gögn um fjárslit.

Hjónaefni, sem hefur áður verið í hjúskap er lokið hefur með lögskilnaði eða ógildingardómi, skal leggja fram eftirfarandi gögn, eftir því sem við á, til sönnunar því að fjárslitum eftir þann hjúskap sé lokið:

1. Gögn sem sanna að fjárslitum eftir fyrri hjúskap hafi lokið með fjárskiptasamningi, staðfestum fyrir sýslumanni eða dómara, eða yfirlýsingu um eignaleysi, eða
2. endurrit dóms Hæstaréttar Íslands eða úrskurðar héraðsdómara um að opinber skipti til fjárslita milli hjónaefnis og fyrri maka séu hafin og tveggja vikna kærufrestur sé liðinn eða með fylgi skrifleg yfirlýsing gagnaðila um að hann falli frá kæru, eða
3. endurrit dóms til lögskilnaðar, skilnaðar að borði og sæng eða ógildingar hjúskapar eða leyfisbréf til lögskilnaðar eða skilnaðar að borði og sæng, þar sem tekið hefur verið upp ákvæði þess efnis að fjárskiptum sé lokið. Ef um héraðsdóm er að ræða skal þriggja mánaða áfrýjunarfrestur vera liðinn, eða með fylgi skrifleg yfirlýsing gagnaðila um að hann falli frá áfrýjun, eða
4. þinglýstan og/eða skráðan kaupmála þess efnis að fullkomin séreignaskipan hafi verið í fyrri hjúskap, eða
5. undanþágu frá ~~ráðuneytinu~~ sýslumanni skv. 12. gr. hjúskaparlaga.

Hafi fyrri hjúskap lokið með andláti annars hjóna, skal hjónaefni leggja fram eftirfarandi gögn eftir því sem við á:

1. Vottorð úr dánarskrá sýslumanns um að skiptum á dánarbúi hins látna maka sé lokið, eða
2. endurrit úrskurðar héraðsdómara um að opinber skipti til skipta á dánarbúi hins látna maka séu hafin, eða
3. þinglýstan og/eða skráðan kaupmála þess efnis að fullkomin séreignaskipan hafi verið í fyrri hjúskap, eða
4. undanþágu frá ~~ráðuneytinu~~ sýslumanni skv. 12. gr. hjúskaparlaga.

11. gr.

Form gagna.

Skjöl sem lögð eru fyrir könnunarmann skulu vera í frumriti eða ljósrit þeirra staðfest.

Könnunarmaður getur krafist þess að hjónaefni leggi fram löggilta þýðingu á vottorðum og skilríkjum sem eru á erlendum tungumálum eða þýðingu frá sendiráði viðkomandi ríkis sem fer með fyrirsvar gagnvart Íslandi.

Hjónaefni bera sjálf kostnað af þýðingu þeirra gagna sem könnunarmaður krefst.

Könnunarmaður getur ennfreður krafist þess að hjónaefni leggi fram staðfestingu yfirvalds á gildi erlendra vottorða, t.d. frá utanríkisráðuneyti útgáfuríkis, sendiráði þess sem fer með fyrirvar gagnvart Íslandi eða að bætt sé við skjalið vottorði (*apostille*) útgefnu af þar til bæru yfirvaldi þess ríkis sem skjalið stafar frá, sbr. þó 1. og 2. mgr. 7. gr.

12. gr.

Staðfesting á hjónavígsluskilyrðum.

Sé öllum hjónavígsluskilyrðum fullnægt staðfestir könnunarmaður með áritun á hjónavígsluskýrsluna að vígsla megi fara fram. Skjalið skal afhent hjónaefnum eða þeim er annast vígsluna ef það er annar en könnunarmaður.

Könnunurvottorð má ekki vera eldra en 30 daga þegar hjónavígsla fer fram, sbr. 1. mgr. 15. gr. hjúskaparlaga.

Nú synjar könnunarmaður um útgáfu könnunurvottorðs og getur hvort hjónaefna um sig þá skotið úrlausn hans til ráðuneytisins, sbr. 14. gr. hjúskaparlaga.

13. gr.

Staðfest samvist.

Staðfest samvist, sem stofnað hefur verið til samkvæmt lögum nr. 87/1996, hefur sömu réttaráhrif og hjúskapur. Ákvæði laga sem varða hjúskap og maka gilda um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist, sbr. 3. mgr. 141. gr. hjúskaparlaga.

II. KAFLI

Könnun hjónavígsluskilyrða ef hjónaefni hefur danskan, finnskan, norskan eða sænskan ríkisborgararétt.

14. gr.

Lagaval.

Eigi hjónaefni, annað eða bæði, ríkisborgararétt í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, skal kanna rétt þess til að stofna til hjúskapar eftir íslenskum lögum ef annað hjónaefna á lögheimili hér á landi en ella eftir lögum þess ríkis sem hjónaefnið á ríkisfang í. Ávallt skal þó beita lögum þess ríkis þar sem hjónaefnið á ríkisfang, ef það óskar þess, samkvæmt samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931.

15. gr.

Vottorð um að hjónavígsluskilyrði séu uppfyllt.

Nú skal kanna rétt til að stofna til hjúskapar eftir lögum þess ríkis þar sem hjónaefni á ríkisfang og getur könnunarmaður þá krafist þess að rétturinn til að stofna til hjúskapar sé sannaður með vottorði, könnunurvottorði eða sambærilegu skjali viðkomandi stjórnvalds í því ríki. Ef slíkt vottorð er lagt fram þarf ekki að kanna rétt hjónaefnis til að ganga í hjúskap.

Þessir aðilar gefa út vottorð um að hjónavígsluskilyrði séu uppfyllt:

1. Í Danmörku: Viðkomandi sveitarstjórnaryfirvald.
2. Í Finnlandi: Skráningaryfirvald (borgaralegt eða kirkjulegt).
3. Í Noregi: Skráningaryfirvald.
4. Í Svíþjóð: Skattyfirvald, sendiherra, ræðismaður eða deildarstjóri lagadeildar utanríkisráðuneytisins.

III. KAFLI

Könnun hjónavígsluskilyrða ef hjónaefni á erlendan ríkisborgararétt, annan en norrænan, eða er búsett erlendis.

16. gr.

Hjónaefni eru erlendir ríkisborgarar eða búsett erlendis.

Nú eiga hjónaefni, annað eða bæði, erlendan ríkisborgararétt eða eru með fasta búsetu erlendis en vilja stofna til hjúskapar hér á landi og gilda þá ákvæði I. kafla, sbr. þó 2.-4. mgr. þessa ákvæðis.

Samþykki lögráðamanns skv. 4. gr. er ekki nauðsynlegt ef slíks samþykkis er ekki krafist í lögum þess ríkis þar sem hjónaefni á fasta búsetu erlendis. Sé þess krafist skal hjónaefni gera fullnægjandi grein fyrir lögum heimalands síns um þetta atriði.

Nú er hjónaefni erlendur ríkisborgari eða er með fasta búsetu erlendis og getur könnunarmaður þá krafist þess að það leggi fram gögn, könnunarvottorð eða sambærilegt skjal frá yfirvaldi í því landi sem það á ríkisfang í eða er búsett í, þ.m.t. sendiráði þess ríkis sem fer með fyrirvar gagnvart Íslandi, til sönnunar því að hjónavígsluskilyrði séu uppfyllt samkvæmt lögum þess lands. Skal þessa að jafnaði krafist ef hjónaefni sýnir fram á að ekki sé unnt að leggja fram vottorð heimalands síns um hjúskaparstöðu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 2. gr. Könnunarmaður metur hvort drengskaparvottorð hjónaefna og/eða erlends yfirvalds, þ.m.t. sendiráðs þess ríkis sem fer með fyrirvar gagnvart Íslandi, geti verið fullnægjandi ef ekki er unnt að leggja fram vottorð heimalands um hjúskaparstöðu, né könnunarvottorð eða sambærileg gögn frá heimalandi.

Nú hafa hjónavígsluskilyrði verið könnuð í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð fyrir hjónaefni sem ekki á ríkisfang í neinu þessara ríkja og þarf þá ekki að fara fram könnun að nýju hér á landi, enda feli könnunarvottorð frá framangreindum ríkjum í sér svaramannavottorð.

IV. KAFLI

~~Gildistaka.~~ Gildistaka o.fl.

16. gr. a

Viðurkenning á hjónavígslu sem farið hefur fram erlendis.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum skal frá og með 1. september 2022 úrskurða um skráningu á hjónavígslu sem fór fram erlendis skv. 25. gr. a hjúskaparlaga, nr. 31 14. apríl 1993, með síðari breytingum.

17. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga, nr. 31 14. apríl 1993 öðlast gildi 1. febrúar 2013. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða, nr. 326 20. júní 1996.

~~Innanríkisráðuneytinu, 9. janúar 2013. -~~

~~Ögmundur Jónasson. -~~

~~Ragnhildur Hjaltadóttir. -~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.